

From: "Umhverfi" <umhverfi@hvalfjardarsveit.is>
To: "Sigurður Ingason" <sigurduri@Umhverfisstofnun.is>
CC: "Sigríður Magnúsdóttir" <sigridur.magnusdottir@umhverfisstofnun.is>; "Sverrir Aðalsteinn Jónsson" <sverrir.jonsson@umhverfisstofnun.is>; "s.vigl" <s.vigl@tsv.is>; "Linda Björk Pálsdóttir" <linda@hvalfjardarsveit.is>; "skipulag@hvalfjardarsveit.is" <skipulag@hvalfjardarsveit.is>
Subject: RE: Alur Álvinnsla, spurningar
Date: 26.9.2022 07:54:53

Sæll Sigurður,

Umhverfis-, skipulags-, náttúruverndar- og landbúnaðarnefnd Hvalfjarðarsveitar fundaði í gær, en tillaga að breytingum á starfsleyfi Als Álvinnslu var ekki á dagskrá fundarins, þar sem sveitarfélaginu hafði ekki borist þessi nýja tillaga, og málið því í frestun.

Nefndin ræddi málið lauslega utan dagskrár og var ákveðið að ég mundi senda þér eftirfarandi upplýsingar úr aðalskipulagi Hvalfjarðarsveitar:

Það er stefna Hvalfjarðarsveitar skv. nógildandi aðalskipulagi að heimila ekki nýjar verksmiðjur eða iðnaðarfyrirtæki sem hafa í för með sér losun á brennisteinstvíoxíði eða flúor á svæðinu.

Í nýju aðalskipulagi (enn óstaðfest), kemur þetta einnig fram, en í almennum skilmálum fyrir iðnaðarsvæði segir: Áfram verði dregið úr losun frá mengandi starfsemi, þ.á.m. losun flúors og brennisteinstvíoxíðs. Ekki verður heimil ný starfsemi sem losar flúor og brennisteinstvíoxíð.

Í tilviki Als Álvinnslu snúast áhyggjur Hvalfjarðarsveitar því um mengunarefnin flúor (og brennisteinstvíoxíð) og hvort framleiðslan feli í sér aukna losun þessara mengunarefna. Samkvæmt auglýstri starfsleyfistillögu eru mengunarpættirnir ryk, HF, HCl og Cl₂.

Samkvæmt upplýsingum frá Umhverfisstofnun á ekki lengur að mæla þrávirku mengunarefnin díoxín og fúran þar sem ekki sé um að ræða umtalsverða losun á þessum efnum – þrátt fyrir frávik sem áður hafa komið upp í reglubundnu eftirliti. Einnig kemur fram í svörum frá stofnuninni að kvartanir hafi reglulega borist um reyk frá fyrirtækinu. Óskar Hvalfjarðarsveit eftir upplýsingum um viðbrögð við slíkum kvörtunum og jafnframt hvort að í umræddum reyk séu skaðleg efni og losun umfram það sem starfsleyfið heimilar.

Með kveðju
Arnheiður Hjörleifsdóttir
Umhverfisfulltrúi Hvalfjarðarsveitar